

A 1776/holdbart

Flytjandi	Norræna sjálfbærninefndin
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

Áhrif Norðurlanda í viðræðum um alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika**Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að eiga samstarf við Norðurlandaráð, Norrænu barna- og ungmennanefndina (NORDBUK) og Norðurlandaráð æskunnar um þróun fyrirkomulags og umsjón með sameiginlegum norrænum viðburðum í því skyni að virkja unga fólkið í vinnu að alþjóðlegum samningi um líffræðilegan fjölbreytileika og kanna möguleikana á að hasla hugmyndinni völl á alþjóðavettvangi.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær efni til viðburða fyrir ungt fólk og virki þannig unga fólkið í starfi að alþjóðlegum samningi um líffræðilegan fjölbreytileika með mið af sameiginlegu norrænu fyrirkomulagi varðandi þátttöku ungs fólks;

að þær leggi sitt af mörkum og eigi samstarf við Norrænu ráðherranefndina um að halda viðburði til að virkja ungt fólk til þátttöku á alþjóðavettvangi.

Forsaga

Skrifstofan kynnti stuttlega vinnuna við gerð alþjóðlegs samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika í tengslum við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni á nefndarfundinum í Nuuk 13. september 2018. Fram til ársins 2020 munu fara fram nokkrar alþjóðlegar viðræður og viðburðir sem er ætlað að ná samstöðu um innihald nýs samnings og skrifstofan lagði áherslu á að alþjóðasamfélagið hvetti öll ríki til að tryggja þáttökulýðræði með þátttöku m.a. frjálsra félagasamtaka, frumbyggjapjóða, ungs fólks og stofnana. Skrifstofan nefndi auk þess hve mikilvægt væri að ungt fólk tæki þátt í þessari vinnu. Nefndin ákvað að fela skrifstofunni að semja drög að nefndartillögu um þátttöku ungs fólks í þessari vinnu. Þá ákvað nefndin að ræða málið við umhverfismálaráðherrana á fundinum 31. október í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Þegar Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni var samþykktur 1992 ákvað



alþjóðasamfélagið að stöðva tap líffræðilegrar fjölbreytni og eyðileggingu náttúrunnar og vistkerfa hennar árið 2010. Þegar það mistókst var markmiðinu frestað til ársins 2020 og ríkin samþykktu í leiðinni stefnumótunaráætlun (2011–2020), sem með 20 markmiðum um líffræðilega fjölbreytni (Aichi-markmið) settu rammann fyrir framkvæmdina. Alþjóðlegar skýrslur um ástand náttúrunnar sýna þó glögglega að markmiðunum er enn ekki náð. Tegundir hverfa og náttúran eyðileggst í slíkum mæli að það hefur áhrif á lífskjör fólks í dag og ógnar lífskjörum og tækifærum komandi kynslóða. Markmiðin renna út árið 2020 og því þarf að setja ný markmið.

Ný markmið til verndar líffræðilegum fjölbreytileika á jörðinni og náttúruauðlindum munu taka á tækifærum og lífskjörum ungs fólks í framtíðinni. Því er mikilvægt að gefa ungu fólki tækifæri til að taka virkan þátt í þessari vinnu. Það er þetta unga fólk sem mun móta sjálfbærar lausnir framtíðarinnar og því er við hæfi að ungt fólk setji mark sitt á nýjan alþjóðlegan samning um líffræðilegan fjölbreytileika. Þátttaka í þessari vinnu leiðir til eignarhalds, virkni og trausts á pólitísku starfi og kerfum og er í samræmi við 16. sjálfbærnimarkmið SP, sem tiltekur að tryggja skuli opið þátttökulýðræði með þátttöku allra í ákvarðanatöku á öllum stigum.

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að haldnir verði norrænir viðburðir – til dæmis leiðtogafundir ungs fólks – í hlutaðeigandi norrænum ríkjum í haustbyrjun auk sameiginlegs viðburðar í tengslum við þing Norðurlandaráðs 2019. Með þessum viðburðum má virkja dæmigerða unga einstaklinga, ungliðahreyfingar stjórnmalaflokka, hagsmunasamtök o.s.frv. til að ræða og miðla framtíðarsýn varðandi alþjóðlegan samning um líffræðilegan fjölbreytileika. Markmiðið er að viðburðirnir (hugsanlega leiðtogafundir) muni fræða ungt fólk um líffræðilegan fjölbreytileika, stöðu og áskoranir, og auka þannig þekkingu þess. Sjónarhornið er við hæfi því í Finnlandi þekkja bara 25% íbúanna til hugtaksins líffræðilegs fjölbreytileika. Í Danmörku er hlutfallið 23% og í Svíþjóð eru það 60% íbúanna sem þekkja hugtakið (*Special EURO barometer 426*).

Til þess að geta dregið saman og greint niðurstöður viðburðanna í löndunum og ekki síst til að auka norræn áhrif, er þörf á að þróa sameiginlegt norrænt fyrirkomulag í formi spurninga, kynningar- og upplýsingaefnis og aðferðanálgunar, greiningar á niðurstöðum viðburðanna o.s.frv. Hinir norrænu viðburðir eiga að skila tillögum, sem verða teknar með í alþjóðlegu viðræðunum, bæði beint í gegnum Samninginn um líffræðilega fjölbreytni og óbeint í gegnum ESB og hvert norrænu ríkjanna.

Hvatning til virkrar þátttöku ungs fólks er í beinu framhaldi af Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál (2019–2024) Í lið 5.2 kemur fram að Norðurlöndin óska eftir að taka virkan þátt í þróun nýrra heimsmarkmiða eftir árið 2020 í tengslum við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Þessi forgangsroðun samræmist ákvörðun alþjóðasamfélagsins um að hvetja málsaðila, ríkisstjórnir, nágrannasamfélög, ungt fólk o.s.frv. til að taka virkan þátt og leggja sitt af mörkum til þróunar nýrra markmiða. Markmiðið er að skapa virka þátttöku og eignarhald á markmiðunum og framkvæmd þeirra.



Alþjóðasamfélagið horfir oft til Norðurlandanna. Velferðarlíkan okkar, tæknilausnir og þekking eru eftirspurð og mörg lönd telja Norðurlöndin vera fyrirmynd grænna umskipta. Norðurlöndin bera hnattræna ábyrgð og geta á gagnlegan hátt tekið að sér forystuhlutverk við að virkja ungt fólk úr öllum heimshornum. Þetta gæti sent skýr skilaboð til alþjóðasamfélagsins um nauðsyn sjálfbærrar framtíðar og hlutverks ungs fólks og þátttöku í þessari þróun. Norðurlöndin geta verið í fararbroddi og breitt það fyrirkomulag að virkja ungt fólk til þátttöku út um allan heim og þar með skapað „rödd ungs fólks á alþjóðavettvangi“.

Lausleg tímaáætlun

Tímaáætlun	
Fyrir sumar 2019	Þróun fyrirkomulags/aðferðar fyrir leiðtogafundi ungs fólks
Haust 2019	Undirbúningur og framkvæmd viðburða
Ársbyrjun 2020	Kynning á niðurstöðum í undirbúningsviðræðum SP í tengslum við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni.
Nóvember/desember 2020	Kynning á niðurstöðum 15. ráðstefnunnar í tengslum við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni

Álit nefndarinnar

Nefndin telur virka þátttöku ungs fólks mikilvæga í vinnu að gerð nýs alþjóðasamnings um líffræðilegan fjölbreytileika. Þá telur nefndin að Norðurlöndin beri ábyrgð og geti á gagnlegan hátt verið í fararbroddi um þátttöku ungs fólks á alþjóðavettvangi og beinir athyglinni að alþjóðlega sjálfbærnimarkmiðinu, sem einmitt leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja þátttökulýðræði með þátttöku allra í ákvarðanatöku á öllum stigum.

Nefndin leggur áherslu á að þróun fyrirkomulags viðburða með þátttöku ungs fólks þurfi, svo framarlega sem unnt er, að eiga sér stað í nánu samstarfi við hlutaðeigandi fulltrúa ungs fólks á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi til að mynda traust eignarhald. Auk þess að virkja og fræða ungt fólk er nauðsynlegt að veita alhliða fræðslu um þessa vinnu og líffræðilegan fjölbreytileika, þar sem margir þekkja ekki til málsins. Alþjóðlegur samningur um líffræðilegan fjölbreytileika er mikilvægur fyrir alla íbúana og því þarf að tryggja alhliða upplýsingamiðlun.

Ósló, 30. október 2018

Angelika Bengtsson (SD)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Emilia Töyrä (S)
Ingalill Olsen (A)
Jan Erik Messmann (DF)
Karin Gaardsted (S)
Ketil Kjenseth (V)
Laura Tàunâjik (S)

Matti Vanhanen (cent)
Rasmus Ling (MP)
Sofia Geisler (IA)
Susanna Koski (saml)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Villum Christensen (LA)
Willfred Nordlund (Sp)